

Vísindi 10. apr. 1940

VÍSINDI OG SAGA.

I.

Mér þótti gott að fréttu, að Jóhannes Áskelsson ætlaði að flytja í útvarp nokkur erindi um þróun lífsins, því að þessi mikilsverði jarðfræðingur er í tölu þeirra manna, sem best er að hlusta á, eigi einungis efnisins vegna, heldur einnig vegna þess hversu vel hann er talandi. En einsog nú stefnir, þá er íslenskri menningu mikil þörf á mönnum, sem tala íslenskt mál skýrt og skilmerkilega. Því miður hefir Jóhannes svo mikla kenslu á hendi, að hann verður að verja frídögum sínum og nauðsynlegum svefntíma til að semja erindi sín og vísindaritgerðir og getur því sjaldnar látið til sín heyra en æskilegt væri. J. Á. mintist í upphafserindi sínu nú í kvöld (25. 3.), á hina furðulegu grísku fornmennt, sem að svo verulegu leyti voru frumherjar vísindastefnunnar hér á jörðu. Virtist mér nokkur hætta á, að hlustendur mundu skilja sum orð hans svo, sem væri þessum frumherjum sjálfum að kenna að árangurinn af starfi þeirra varð ekki meiri, og að 2000 ár og meir liðu áður hinár allra merkilegustu hugsanir þeirra voru tekn-

ar til ávöxtunar. Hitt er þó sönnu nær, að sljóleiki hinna ráðandi manna og alls almennings gagnvart þessari þýðingarmiklu viðleitni hafi verið þess valdandi, að árangurinn varð ekki meiri, og að grísk menning — þessvegna — leið undir lok. Sagan varð miklu ömurlegri en þurft hefði að vera, af því að tilraunum nokkurra manna til að átta sig á tilverunni, var of litill gaumur gefinn.

II.

Sljóleiki af þessari tegund er nú raunar bæði forn og nýr, og afleiðingarnar svipaðar: minni framfarir en orðið gátu og nauðsynlegar eru til að afstýra vandræðum. Jafnvel skáldið Goethe, sem einnig var náttúrufraðingur, kveðst hafa fengið á þessum sljóleika að kenna. Þegar eg læt mínar allra merkilegustu hugsanir í ljósi við kunningja mína — segir Goethe — þá er rétt einsog eg hafi ekki sagt þeim neitt. Og þó að því verði að visu ekki neitt, að mikil framför hefir í þessum efnum orðið á síðari tímum, þá má, jafnvel á vorum

dögum, sá sem finnur einhver mjög mikilvæg sannindi hrósa happi ef hann sleppur með að mæta sljóleika, og verður ekki einnig fyrir hátri, sem setur sér ekki minna en það, að reyna til að gera honum lífið óbærilegt. Eg tala hér ekki eingöngu um það, sem aðrir hafa reynt. Fyrir nálega 26 árum sagði eg nokkrum mönnum, sem helst hefðu mátt teljast þess verðir fyrir vits sakir og mentunar, frá nýjum hugsunum og upp-
götyunum, er eg taldi hina mestu þörf á að sinna, og tók eg það hiklaust fram, að til sannindamerkis mætti hafa það að von væri hinna mestu ótíðinda, ef þessu máli væri ekki gaumur gefinn. Og svo fór sem eg hafði sagt, að ólagið reið yfir. Og nú er annað ólagið risið, ennþá hærra, og má vissulega segja, að á þeirri jörð sé alt í ólagi, þar sem svona hagar til. En mjög fer því fjarri, að svo þyrfti að vera. Því að ef sum þau sannindi, sem nú þegar eru fundin, væru tekin til ávöxtunar, þá mætti á fáeinum árum gerbreyta hag alls mannkyns, og það án nokkurra byltinga eða blóðsúthellinga; því að þær umbætur, sem svo eru fengnar,

Frh. á 3. síðu.

Frh. af 2. síðu.

eru ekki til fulls né til fram-
búðar.

III.

Á Íslandi gæti það upphaf orðið, sem verða þarf í þessum efnum. En ekki virðist þó enn sem komið er mikil ástæða til að vera vongóður um að svo muni fara. Margir Íslendingar virðast vera svo skapi farnir, að þeir kjósi heldur að halda sem fastast í þá trú, að frá íslensku þjóðinni geti ekkert það komið, sem þýðingu hafi fyrir sögu alls mannkyns. En væri sú trú rétt, þá er ekki annars að vænta, en að framtíð þessarar smá-
þjóðar muni verða jafnvel stórum dapurlegri heldur en fortíðin hefir verið.

Helgi Pjeturss.

Leiðrétting.

Í greininni Þýsk þrautseigja (Vísir 27. mars) hafði misprentast Morcellinus fyrir Marcellinus, og öfugri f. öflugri.

H. P.